

Alþingi
Erindi nr. P 130/1628
komudagur 1.4.2004



Keflavík, 29.mars. 2004.

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um 163.mál.


Frumvarp til áfengislaga, 163. mál, aldursmark.

Það liggur fyrir samkvæmt reynslu Íslendinga og annarra þjóða að breytt og aukið aðgengi að áfengi veldur aukinni neyslu. Fjölskylduráði þykir óásættanlegt að gerðar séu lagabreytingar sem valda aukinni neyslu áfengis og vísar til opinberra markmiða um forvarnir vegna áfengis- og vímuefnaneyslu barna og ungs fólks undir lögdri.

Fjölskylduráð bendir einnig á þá reynslu sem fengist hefur hér á landi af því fyrirkomulagi sem haft er á sölu tóbaks. Kannanir hafa sýnt að verulegir misbrestir eru á að allir verslunareigendur kunni að fara með það vald og traust sem þeim er sýnt og virði þau aldurstakmörk sem sett hafa verið, þrátt fyrir mikið og dýrt eftirlit. Óvarlegt er að ætla að annar háttur yrði á með sölu áfengis.

Af ofangreindum ástæðum þykir Fjölskylduráði ekki ásættanlegt að breyta núverandi fyrirkomulagi á verslun með áfengi.

F.h. fjölskylduráðs


Drífa Sigfúsdóttir